



Gunnhild Skovmand

GUNHILD SKOVMAND

einu sinni var . . .

der var engang . . .

KLIPPIMYNDIR

PAPIRKLIP

24.06 - 7.08.1995

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

SIGURJÓN ÓLAFSSON MUSEUM REYKJAVÍK

© Gunhild Skovmand
og Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Reykjavík, 1995
ISBN 9979-9124-2-1

Sýningarstjóri	Birgitta Spur
Ritstjóri	Birgitta Spur
Þýðingar	Álfheiður Kjartansdóttir
Umsjón með texta	Geirfinnur Jónsson
Prentvinnsla	Rún hf. Prentstofa

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70
IS-105 Reykjavík
Tel +354 553 2906
Fax +354 581 4553

Klippimynd á kápu/Papirklip på forside
Gunhild Skovmand:
Fugl á furugrein / Fugl på fyrregren 1978

Aðfaraorð

„Einu sinni var...“ hefðbundin upphafsorð frásagna og ævintýra bernskunnar hafa verið valin sem heiti á sýningu Gunhildar Skovmand í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Orðin vísa bæði í lífsferil Gunhildar og í þann töfraheim, sem hún lýkur upp fyrir áhorfendum með klippimyndum sínum.

Og tími ævintýranna er ekki liðinn... Á þeim aldri þegar þjóðfélagsþegnar vanalega hætta störfum og setjast í helgan stein eftir langan vinnudag, hófst nýr áfangi í lífi Gunhildar Skovmand, en þá gat hún alfarið snúið sér að hugðarefni sínu: að tjá sig með skærum og pappír.

Greina má verkin á sýningunni í Listasafni Sigurjóns í þrjá meginflokka; þar skal fyrst nefna klippimyndir þær, sem Gunhild klippti barn að aldri og sem móðir hennar hélt til haga. Annar flokkur tengist nokkrum ævintýrum eftir H.C. Andersen ásamt skáldlegum frásögnum listakonunnar sjálfar úr náttúrunni, til dæmis lýsingum frá dvalarstað listamanna í Ræveskiftet á Norður Sjálandi, þar sem Gunhild hefur dvalist sumarlangt mörg undanfarin ár. Umfangsmesti flokkurinn í lífsverki Gunhildar eru þó hinar hreinu náttúrulýsingar. Í þeim verkum er sleginn tónn, sem rekja má aftur til meistara danskrar gullaldarlistar, landslagsmálara á borð við Dankvart Dreyer, P.C. Skovgaard, og J.Th. Lundbye. Þeir túlkuðu landslag nítjándu aldar með þeim hætti að augu Dana opnuðust fyrir áður óþekktum gildum danskrar náttúru. List þeirra hafði um leið áhrif á sjálfsímynd þjóðarinnar.

Svo virðist sem náttúrulýsingar og landslagsmyndir höfði einnig til fólks í þjóðfélagi nútímans þar sem aukin iðnvæðing, vaxandi umfang stórborga og mengunarhætta vekja til umhugsunar um hvaða gildi ber að varðveita.

Flestar myndir á sýningunni eru frumverk; þó eru einnig einstakar eftirprentanir, og er þess ávallt getið í sýningarskrá. Gunhild hefur unnið fjölda andlitsmynda og skipa þær sérstakan flokk. Engar slíkar eru með á þessari sýningu, enda allar í einkaeigu.

Á þessu sumri eru liðin tuttugu ár frá því að sýning með völdum verkum eftir Gunhild Skovmand var haldin í Norræna Húsinu í Reykjavík. Það er mikið ánægjuefni og ævintýri út af fyrir sig að fá að bjóða Gunhild velkomna hingað til Íslands í annað sinn.

Birgitta Spur

Forord

”Der var engang...” denne klassiske indledning til barndommens fortællinger og eventyr er titlen på Gunhild Skovmands udstilling i Sigurjón Ólafssons Museum. Den refererer både til Gunhilds eget liv og til den verden hun med sin papirkunst åbner for tilskuerens øjne.

Og eventyrenes tid er ikke forbi... I en alder hvor andre samfundsborgere vanligvis går på pension og nyder deres otium efter et aktivt arbejdsliv, blev Gunhild Skovmand endelig i stand til helt at vie sine kræfter til kunsten, at digte med saks og papir.

På udstillingen i Sigurjón Ólafssons Museum er der medtaget tre genrer af Gunhild Skovmands klippekunst: meget tidlige barndoms-klip, som kunstnerinden velvilligt har taget ned fra væggen i sin stue og udlånt til udstillingen. Disse klip er bevaret takket været en indsats fra kunstnerindens moder. En anden kategori er klippene til nogle af H.C.Andersens eventyr og Gundhild Skovmands egne fabulerende naturbeskrivelser, f.eks. billederne fra kunstnerkolonien Ræveskiftet på Nordsjælland, hvor Gunhild gennem mange år har tilbragt sine sommerferier. Endelig er der de rene naturmotiver. Her genfinder man en tone fra de store landskabsfortolkere i det 19. århundredes danske guldalderkunst. Det var især malere som Dankvart Dreyer, P.C. Skovgaard og J.Th. Lundbye, som gennem deres værker lærte deres landsmænd at se og påskønne kulturværdier i det danske landskab. Det skulle få stor betydning for den nationale selvforståelse.

Med den voksende urbanisering, industrialisering og deraf følgende forurening i nutidens samfund er det som skildringer af naturen og landskabet har fået fornyet og aktuel betydning, blandt andet ved at mane til eftertanke om, hvilke værdier man ønsker at bevare.

Hovedparten af de udstillede billeder er originale klip. Enkelte billeder er serigrafiske tryk efter originaler, hvilket da er anført i kataloget. De mange portrætter, silhouetter, som Gunhild Skovmand har klippet gennem årene, er en genre for sig. De fleste findes i privateje og er ikke repræsenteret på denne udstilling.

I år er det netop tyve år siden Gunhild Skovmand udstillede et udvalg af sine arbejder i Nordens Hus i Reykjavík og det er en stor glæde og en del af eventyret atter at byde Gunhild Skovmand velkommen til Island.

Birgitta Spur

Þankar

Síðan ég man eftir mér hef ég notað skæri. Fyrst klippti ég eflaust í hárið á mér - dálítinn lokk úr hárinu, og síðan í fína, hvíta, kringlótta ljósadúkinn hennar mömmu sem lá á rauðviðarborðinu í setustofunni. En seinna fór ég að klippa pappír.

Þetta hófst þegar ég var á fimmta ári og það var föðuramma mín sem kom mér á sporið. Þegar hún kom í heimsókn klippti hún og teiknaði myndir handa öllum barnabörnum sínum. Hún klippti út hesta úr gömlum póstkortum og teiknaði svani. Hún teiknaði hestana aldrei áður en hún klippti þá út. Og svo bjó hún til blásturskonur; hún braut saman pappírsblað og klippti hálf pils í áttina að brotinu, - hælasítt svo að fæturnir sáust ekki, - einn handlegg og hálf höfuð. Þegar bréfið var brotið sundur þá var þarna komin blásturskona og ef blásið var varlega á hana gat hún þotið yfir borðplötuna.

Amma mín hét Nicoline Skovmand og var ættuð frá Borgundarhólmi. Hún kunnir allar sögur og sagnir þaðan, sæg af þulum kunnir hún utanbókar og sagði frá, bæði fortíð og nútíð og öllu því sem býr í náttúrunni. Meðan hún sagði frá, það gátu verið ævintýri eftir H. C. Andersen, var hún að klippa út blásturskonur.

Ég sýndi í fyrsta sinn opinberlega á stórrí klippimyndasýningu sem haldin var á Charlottenborg. Þáverandi meistarar í útlínumyndum: Else Hasselriis, Elline Asisoff, Kirsten Wivel og margir aðrir færir listamenn sýndu þar verk sín. Þar voru líka verk eftir H. C. Andersen, Konevka og aðra fræga klippara frá öðrum löndum.

Ég var 16 ára og ég varð mjög hreykin þegar ein af myndunum mínum var valin. Mörgum árum seinna var sýnd mynd eftir mig á vorsýningunni í Charlottenborg eftir ákvörðun dómnefndar.

Ég er menntaður uppeldisfræðingur en sjálfmenntaður listamaður. Á tíu ára tímabili, frá því að ég var um það bil 25 ára, reyndi ég að lifa af klippimyndum mínum. En það var ekki hægt, og þegar mér bauðst staða sem uppeldisfræðingur hjá sálfræðideild barna við Kaupmannahafnarháskóla sló ég til. Ég ætlaði aðeins að vinna þar um stundarsakir meðan ég væri að koma lagi á fjármálin, en starfið með börnunum var gefandi og samvinnan við hina fullorðnu mikilvæg fyrir mig. Í stað þess að vera þarna skamma hríð vann ég þar í 28 ár.



Gunhild Skovmand
Ljósmynd / Foto: Finn Licht

Mér gafst líka dálítill tími til að huga að klippimyndunum mínum, hélt margar sýningar, gerði myndir á bókarkápur og bókaskreytingar. Ég hef enga hugmynd um hve margar myndir ég hef gert í árunna rás.

Um svipað leyti og ég hætti störfum sem uppeldisfræðingur kom í ljós mér til mikillar gleði og undrunar að myndirnar mínar voru eftirsóttar. Ég er afar lélegur teiknari en vinnan með skærin er mér eðlilegur tjáningarmáti. Ég klippi með afar fíngerðum skurðstofuskærum, augnskæri kallast þau víst, og án þeirra get ég ekki nostrað nægilega við smáatriðin.

Það tekur mig oftast ótrúlega langan tíma að tjá það sem ég vil í verki mínu.

Einföldu myndefnin útheimta alveg jafnmikla yfirlegu og þau flóknu. Það er afar mikilvægt fyrir mig að gera hlutina lifandi. Hvert einasta grasstrá á jafnmikinn rétt á sér og stórvaxið tré og öll smáatriðin í hinni stóru heild þurfa að lifa. Ef ég vanræki þetta verður myndin dauð, en smáatriðin mega þó aldrei yfirgnæfa heildina og það er lokaniðurstaðan sem skiptir öllu máli. Það er mikilvægt fyrir mig að finna jafnvægi milli samræmdrar heildar og virðingarinnar fyrir hinu allrasmæsta.

Það er mikilvægt að vera opinn fyrir áhrifum og ég beiti skær- unum iðulega úti í náttúrinni og þaðan fæ ég mikinn innblástur. Innblástur er víðtækt hugtak, hvað mig varðar táknar það fyrst og fremst mikla vinnu, að samlagast verkefninu og finna frið og kyrrð hið innra með sjálfri mér og í daglegri tilveru minni.

Gunhild Skovmand

Tanker

Så langt jeg kan huske tilbage, har jeg brugt en saks. De første klip var nok i håret - sådan en lille tjavs af mit eget hår, og siden i mors hvide, fine, runde lysedug, der lå på mahognibordet i dagligstuen. Men senere blev det i papir jeg klippede.

Det begyndte i 4-års alderen og det var min farmor som satte mig i gang. Når hun var på besøg hos os klippede og tegnede hun figurer til alle sine børnebørn. Hun klippede heste af gamle brevkort og tegnede svaner. Hestene tegnede hun aldrig, før hun klippede dem. Og så lavede hun pustekoner; hun foldede et stykke papir sammen og klippede ind mod den lukkede del af papiret et halvt skørt, - langt, så man ikke så benene, - én arm og et halvt hoved. Når man lukkede papiret op, så var der en pustekone, og ved et forsigtigt pust kunne hun fare hen over bordpladen.

Farmor hed Nicoline Skovmand og stammede fra Bornholm. Hun kendte alle de bornholmske sagn og eventyr, kunne masser af remser udenad og berettede om både fortiden, nutiden og om alt det, der befolker naturen. Mens hun fortalte, og det kunne også være et eventyr af H.C.Andersen, klippede hun samtidig pustekoner.

Første gang jeg udstillede offentligt, var på en stor udstilling af papirklip, der blev afholdt på Charlottenborg. Datidens silhuetkunstnere: Else Hasselriis, Elline Asisoff, Kirsten Wivel og mange andre dygtige kunstnere var repræsenteret. Der var også arbejder af H.C. Andersen, Konevka og andre berømte silhuetklippere fra andre lande.

Jeg var 16 år og beæret, da et af mine klip kom med. Mange år efter fik jeg et billede antaget på Charlottenborgs Forårsudstilling, der var censureret.

Jeg er uddannet som småbørnspædagog, men som kunstner er jeg autodidakt. I en tiårig periode, fra jeg var cirka 25 år, forsøgte jeg at leve af mine papirklip. Men det gik ikke. Så da jeg blev tilbudt en stilling som pædagog ved Københavns Universitets børnepsykologiske klinik slog jeg til. Jeg regnede med, at det kun skulle være for en kort tid, indtil jeg havde fået stabiliseret min økonomi, men arbejdet med børnene var indholdsrigt, og samarbejdet med de voksne værdifuldt for mig; så i stedet for en kort tid blev det til 28 år.

Der blev også lidt tid nu til at vedligeholde klipperiet. Jeg udstillede flere gange; lavede billeder til bogbind og vignetter i de år. Hvor mange billeder, jeg i de mange års forløb har lavet, har jeg ikke begreb om.

Omtrent samtidig med at jeg holdt op med mit pædagogiske arbejde viste det sig til min store glæde og overraskelse, at der var bud efter mine ting. Jeg er en meget dårlig tegner men arbejdet med saksen er den naturlige udtryksmåde for mig. Jeg klipper med en meget fin operationssaks, en såkaldt øjensaks, for uden den kan jeg ikke skabe tilstrækkelig fine detaljer.

Det tager mig næsten altid utrolig lang tid, inden et billede kan udtrykke det, jeg vil.

De enkle motiver kræver lige så megen fordybelse som de komplicerede. Det er meget vigtigt for mig at gøre tingene levende. Hvert eneste græsstrå har lige så stor berettigelse som et stort træ, og alle de små ting i den store helhed skal leve. Hvis jeg forsømmer det, bliver billedet dødt, men detaljerne må aldrig tage magten fra helheden, og det er slutresultatet, der tæller. Det gælder for mig om at finde balance mellem en harmonisk helhed og respekten for selv den mindste ting.

Det betyder meget at kunne åbne sig for indtryk, og jeg klipper gerne i naturen, hvor jeg henter megen inspiration. Inspiration er sådan et omfattende begreb, men egentlig handler det for mig om hårdt arbejde, om at blive ét med opgaven og om at finde ro og stilhed i mig selv og min daglige tilværelse.

Gunhild Skovmand

Um klippimyndir

Hans Laumann

Klippimyndagerðin á rætur að rekja til alþýðulistar. Kínverjar voru fyrstir til að iðka hana og þar lifir hefðin þótt víða sé þetta orðinn iðnaður þar sem sama myndefnið er endurtekið sí og æ. Samt klippa menn og skera ennþá í höndunum.

Í Hollandi er einnig löng hefð fyrir klippimyndum, og ekki síður í Sviss er sú hefð enn við líði. Þar var fátækur skógarhöggsmaður, Jacob Hauswirth, afkastamikill klippari á miðri 19. öld.

Í Danmörku má rekja hefðina til bandbréfanna (bindebrev), en með þeim var hægt að binda þann sem maður vildi eignast fyrir maka. Seinna breyttust þau í gosabréf (gækkebreve) - en það fyrirbæri fyrirfinnst aðeins í Danmörku.¹

Í Frakklandi, Ítalíu og Þýskalandi voru trúarlegar klippimyndir algengar á miðöldum. Það voru litlar helgimyndir í römmum með útklipptu blúndu- eða kniplingamynstri. Þær voru geymdar í bæna-bókum, límdar á skáphurðir og kistulok og lagðar undir koddann í vöggu barnsins.

Skuggamyndaklippingin varð til um 1700. Elstu varðveittu myndirnar eru frá 1699 og eru af ensku konungshjónunum.

Margir hafa talið sig upphafsmenn að þessari sérstöku listgrein.

Þessar litlu, svörtu mannamyndir voru fyrst nefndar silhúettklippimyndir árið 1759. Um þær mundir var fjármálaráðherra í Frakklandi að nafni Etienne de Silhouette. Bæði í stjórnmálum og einkalífi var hann feikilega sparsamur. Í höll sinni lét hann dýrmæt málverk víkja fyrir ódýrum skuggamyndum. Óvíst er þó hvort það var þess vegna sem myndirnar drógu nafn sitt af honum.

¹ „Bindebrev“ voru skreytt eða klippt ljóðabréf sem piltar sendu stúlkum á afmælisdegi þeirra. Innihaldið var yfirleitt á gátuformi og áttu að gilda kvaðir, jafnvel um hjúskap ef ekki réðist rétt. „Gækkebreve“ eru klippi-skreytt ljóðabréf sem enn eru við lýði meðal barna í Danmörku og eru send um páska. Geti viðkomandi ekki ráðið í hver sendandi er, ber honum að leysa sig með gjöf, oftast páskaegg.

Í Frakklandi varð skuggamyndatískan frekar skammvinn, en hrifningin var hins vegar mikil í Þýskalandi. Helstu meistarar þar voru Albrecht Dürer og Urs Graf.

Litlu, svarthvítu mannamyndirnar hafa sennilega dregið nafn sitt af Silhouette vegna þess að þannig var hægt að sýna yfirlæti gagnvart því sem Þjóðverjar hrifust af; „þessari ástríðulausu, blæbrigðalaus og nostursamlegu listgrein.“ Um slíkt var hægt að segja - með tilvísun til hins lítt elskaða fjármálaráðherra - að það væri à la Silhouette.

Skuggamyndaklippingin varð mjög útbreidd um stóran hluta Evrópu og einnig í Danmörku en nú fer hún nær eingöngu fram á tívolúum og markaðstorgum.

Gömlu pappírsmýndirnar voru skornar út með hníf. En fljótlega, þegar skærir voru tekin í notkun, var farið að beita samlokubrotum á pappírinn sem síðan var klippt í. Hættan við þessa aðferð getur orðið sú að endurtekningin þróist yfir í innantóma skreytingu. Margir frægir klipparar notuðu og nota enn tvíhverfubrot - eins og sjá má hjá H. C. Andersen.

Klippimyndir úr pappír krefjast mikillar færni og nákvæmni af höfundum sínum, bæði hvað varðar smáatriði og tilfinningu fyrir heild.

Þær höfða óhjákvæmilega til skreytikenndar en gera einnig kröfur um ljóðræna fegurð - þótt leynt fari - svo yndisþokki og léttleiki fái notið sín í öllum hlutföllum.

Og þetta nýtur sín sérlega vel þegar hefðir klippilistarinnar eru endurnýjaðar eða jafnvel meðhöndlaðar frjálst og með gáska.

Sem betur fer tekst mörgum klippilistamönnum þetta nú á dögum. Þannig hefur þessi sérstaka listgrein orðið sambærileg við önnur grafísk tjáningarform.

Og svo geta klippimyndir fjallað um allt milli himins og jarðar.

Verk pappírsklipparans tengist meira höggmyndalist en teikningu, því að pappírsmýndin verður að vera í einu lagi líkt og verk myndhöggvarans.

Ef myndhöggvarinn beitir meitlinum ógætlega og bútur af steininum brotnar óvart er það sambærilegt við klipparann sem er óheppinn og klippir nokkrum millimetrum of langt með skærinum sínum. Óhappið er jafnalvarlegt; það verður að fleygja verkinu. En auðvitað er fjárhagslega tjónið ekki eins alvarlegt. Marmarablokk kostar talsvert meira en pappírsörk.

En sálarkvalirnar geta vissulega verið jafnátakanlegar. Skærin - eða hnífurinn - ganga líka öðru vísi til verks en blýantur og pensill.

Það þarf ekki sérfræðing til að sjá undir eins hvort mynd er klippt úr svörtum pappír eða máluð með svörtum túska. En það kemur fyrir að villst sé á klippimynd og dúkristu eða tréristu þegar klippimyndin er endurprentuð.

Í rauninni er það staðreynd að klippimynd glatar einhverju af þokka sínum þegar hún er límd upp eða endurprentuð. Þetta tengist finlegu og loftkenndu eðli hennar.

En það verða gjarnan örlög pappírsmýndarinnar að hún er fest með lími á bakgrunn sinn. Hið fagra og flögrandi frjálsa líf, þegar skapari hennar hefur með fingurgómunum fært hana frá einum fögrum bakgrunni yfir á annan og blásið blíðlega á hana til að hagræða fellingum hennar, er alltof hættulegt og getur verið tortímandi. Það verður að temja það líkt og fiðrildið sem endar á títrupjóni í finum kassa.

En hafi listamanninum tekist að gæða pappírinn sál, þá getur þessi sál - þótt bundin sé - flutt okkur boð um áhugaverðan heim, hvort heldur notaður hefur verið kolsvartur pappírsbútur eða hvít og virðuleg skjalapappírsörk.

Ég get fullvissað að ekkert er eins spennandi og þegar maður hefur lokið við að klippa í pappírinn og “opnar” tilbúnu myndina - kannski jafnvel brotaklippimynd - maður veit að ekki verður aftur snúið.

Úr *Papirklip i Danmark* Thodes Forlag 1990, með leyfi höfundar.

Papirklip

Hans Laumann

Papirklippet er udsprunget af folkekunsten. Kineserne var de første, og traditionen lever videre, selv om det flere steder har udviklet sig til en industri, hvor de samme motiver gentages igen og igen. Man klipper og skærer dog stadigvæk i hånden.

I Holland har man ligeledes en stor tradition for papirklip. Men ikke mindst i Schweiz lever traditionen, hvor den fattige skovhugger Jacob Hauswirth var en af de store udøvere i midten af 1800 tallet.

I Danmark kan traditionen føres tilbage til bindebrevene, hvormed man kunne binde den, man ville giftes med. Senere udviklede de sig til gækkebreve - et fænomen som kun findes i Danmark.

I Frankrig, Italien og Tyskland var religiøse klip udbredt i middelalderen. Det var små helgenbilleder med blonde- eller kniplingsagtige udklippede indramninger. De gemtes i bønnebøgerne, klistredes på skabsdøre og kistelåg og lagdes under hovedpuden i barnets vugge.

Silhuetklippet opstod omkring 1700-tallet. Det tidligst kendte er fra 1699 og forestiller det engelske kongepar.

Flere har meldt sig som opfinder af denne særlige kunst.

De små sorte portrætter blev først betegnet som silhuetklip i 1759. På det tidspunkt havde man i Frankrig en finansminister, der hed Etienne de Silhouette. Han var både i politik og i privatlivet en meget sparsommelig mand. I sit slot erstattede han kostbare malerier med de billige silhuetportrætter. Om det var derfor, de fik hans navn er uvist.

I Frankrig blev silhuetmoden ret kortvarig, hvorimod begejstringen for den var meget stor i Tyskland. De ypperste mestre var Albrecht Dürer og Urs Graf.

De små sort-hvide portrætter har mest sandsynligt fået navn efter Silhouette, fordi man på den måde kunne udtrykke ringeagt overfor det, som begejstrede tyskerne; 'den lidenskabsløse, unuancerede og pertentlige kunstart.' Om noget sådant kunne man passende sige - med tanke på den lidet elskede finansminister - at det var à la Silhouette.

Silhuetklippet fik meget stor udbredelse i store dele af Europa og også i Danmark, men er forlængst blevet fortrængt til tivoli- og markedspladser.

De gamle papirbilleder var skåret med kniv. Men tidligt, da saksen blev taget i brug, begyndte man at bruge symmetriske foldninger af papiret, som derefter blev klippet. Faren ved denne metode kan være, at gentagelsen kan udarte til tom dekoration. Mange store klippere brugte og bruger stadig at folde - se blot H. C. Andersen.

Papirklippet stiller store krav til sine udøveres akkuratelse og præcision såvel i de mindste detaljer som i følelsen for helheden.

Det udfordrer umiddelbart den dekorative sans, men forlanger også - om end nok så meget i det skjulte - at den poetiske skønhedssans får sin ret, at ynde og lethed kommer til udtryk i proportionerne.

Og det bliver særlig raffineret, når papirklippets traditioner fornys, eller endog behandles med frihed og humor.

Det formår heldigvis mange af vore papirklippere i dag. Derved er denne specielle udtryksmåde hævet til et plan på linie med anden grafisk udtryksform.

Og så kan papirklip handle om alt mellem himmel og jord.

Papirklipperens arbejde har mere med billedhuggeri at gøre end med tegning, for ligesom billedhuggerens figur må papirsnittet være ud i ét stykke.

Hvis billedhuggeren rammer forkert med sin mejsel, så et stykke af materialet utilsigtet ryger af, er det som med papirklipperen, der er uheldig og kommer til at klippe nogle millimeter for langt med sin saks. Ulykken er lige stor, værket må kasseres. Men naturligvis er de økonomiske følger ikke de samme. En marmorblok koster immervæk noget mere end et ark papir.

Men sjælekvalerne kan godt være lige slemme.

Saksen - eller kniven - har også noget helt anderledes energisk afgjort i sin arbejdsmåde end blyant og pensel.

Man behøver ikke være ekspert for straks at kunne se, om et billede er klippet i sort papir eller malet med sort tusch. Men det sker, at et papirklip forveksles med linoleumssnit og træsnit, når klippet er reproduceret.

I grunden er det sådan, at et papirklip mister noget af sin charme, så snart det bliver klæbet op eller reproduceret. Det hænger sammen med dets sarte og luftige væsen.

Men det er nu engang papirbilledets skæbne, at det med klister bliver forenet med sin baggrund. Det skønne flagrende liv i frihed,

hvor dets skaber med fingerspidserne blidt har flyttet det fra den ene smukke baggrund til en anden og med et ømt pust rettet dets folder, er alt for farligt og til tider destruerende. Det må tæmmes, som sommerfuglens liv, der ender med knappenålen i den fine æske.

Men hvis kunsteren har forstået at fravriste papiret en sjæl, så vil denne - skønt bundet - kunne bringe bud om en spændende verden, hvad enten der er brugt et stykke kulsort papir eller et hvidt og fornemt stykke bankpost.


Blev dette lidt for lyrisk?

Da kan jeg forsikre, at intet øjeblik er mere spændende, end når man har gjort det sidste snit i papiret og 'pakker op' for det færdige klip måske oven i købet et foldeklip vel vidende, at der ikke er nogen vej tilbage. Fra bogen "Papirklip i Danmark", Thodes Forlag 1990, med forfatterens tilladelse.

Fra *Papirklip i Danmark*, Thodes Forlag 1990, med forfatterens tilladelse.

Listaverkaskrá á / Værkfortegnelse

1. Fyrstu klippimyndirnar / De første papirklip, 1918-1926
2. Draumsóley / Valmue, 1974
26x14
Einkaeign / Privateje
3. Snjór / Sne, 1979
13x15,7
Einkaeign / Privateje
4. Fura / Fyrrebusk, 1980
36x31
5. Þumalína / Tommelise, 1980
Silkiprent / Serigrafi, 46x33
6. Fjöll / Bjerge, 1981
Silkiprent / Serigrafi, 34,6x50
7. Litla hafmeyjan / Den lille havfrue, 1982
Silkiprent / Serigrafi, 43x55
8. Næturgalinn / Nattergalen, 1983
Silkiprent / Serigrafi, 75x46
9. Gömul furutré / To gamle fyrretræer, 1983
Silkiprent / Serigrafi, 63x49
10. Gullsópur að haustlagi / Gyvelbusk om efteråret, 1984
23,5x20,5
11. Gamalt grenitré / Gammelt grantræ, 1984
Silkiprent / Serigrafi, 49x39



Ferðin til Kaupmannahafnar / Københavnsrejsen, 1924
Einkaeign / Privateje

12. Eplatré / Æbletræ, 1986
Silkiprent, 18x23,7
Frummynd í eigu Trapholt Listasafnsins
Originalen tilhører Trapholt Kunstmuseum, Kolding
13. Ræveskiftet, 1986
Lífið og tilveran hjá litlu húsunum /
Indtryk af livet omkring de små huse
Offsetprint / Offsettryk, 58x43
14. Eikartré / Egetræer, 1987
Silkiprent / Serigrafi, 47,6x37,5
15. Plómutré og dádýr / Blommetræ og dådyr, 1989
33x30,5
16. Meri og folöld / Hest med to føl mellem fyrretræer, 1989
47,5x59
17. Ræveskiftet, 1989
Lífið og tilveran hjá stóru húsunum /
Indtryk af livet omkring de store huse
Silkiprent / Serigrafi, 69x54
18. Fuglar í lyngi / En flok fugle i lyngbusk, 1989
23x35
Einkaeign / Privateje
19. Hrafn og mávar / Ravn og måger ved klipper på Bornholm, 1989
13,8x11,4
20. Skógsóley / Anemone, 1989
19x13
21. Fuglshreiður í eplatré / Fuglereðe i et æbletræ, ca. 1989
17,2x23,3
Einkaeign / Privateje



Draumsóley / Valmue, 1974
Einkaeign / Privateje

95.

22. Fjalldalafífill / Engnellikerod, 1990
Silkiprent / Serigrafí, 26x15
23. Bleshænur / Blishøns, 1991
25,3x19
Einkaeign / Privateje
24. Þyrnir / Gammel tjørn, 1991
30,2x40,2
Einkaeign / Privateje
25. Dádýr og hjörtur / Dådýr og hjort, 1991
15,9x21,8
26. Reklar / Rakler, 1992
Silkiprent / Serigrafí, 18,7x17,8
27. Drengur ber heim við úr skóginum /
Dreng bærer brænde hjem fra skoven, 1992
25x27
28. Drengur og hestur milli furutrjáa /
Dreng og hest mellem fyrretræer, 1993
41x52
29. Mávar / Måger, 1993
14x20
Einkaeign / Privateje
30. Lítill héri á flóttu / Lille hare i flugt, 1993
24x31
31. Furutré / Fyrretræ, 1993
26x24
32. Endur í sefgresi / To ænder mellem siv, 1994
20x26,4

Eplatré / Æbletræ, 1986
Trapholt Kunstmuseum



Sýningar / Udstillinger

- 1931 Silhuetklip, Charlottenborg
- 1940 Vagn Winkels Kunsthandel, København
- 1948 Charlottenborgs Forårsudstilling
- 1948 Julestue i St. Kongensgade 50, København
- 1971 Galleri Gammel Strand, København
- 1974 Randers kulturhistoriske Museum
- 1975 Nordens Hus, Reykjavík
- 1975 Galleri Gammel Strand, København
- 1976 Lyngby Kunstbibliotek
- 1976 Kunstforeningen, Kalundborg
- 1977 Tranegården, Gentofte
- 1977 Sjælsøskolen, Birkerød
- 1978 Mosegårdsskolen
- 1979 Gallerie Gammel Strand, København
- 1979 Broby Johansen, Vrå
- 1983 Kunstindustrimuseet, København
- 1983 Det danske Selskab i Brüssel, Brügge, Ostende
- 1984 Galleri Gammel Strand, København
- 1985 Kirke Sonnerup Galleri
- 1985 Kunstmuseet Trapholt, Kolding
- 1987 Vandreudstilling til 5 skoler i Sønderjylland
- 1987 Galleri Gammel Strand, København
- 1988 Kunstforeningen i Næstved
- 1988 Køge Skitsesamling
- 1990 Galleri Gammel Strand, København
- 1990 Mønsteds Hus, Frederiksberg
- 1992 Naturhøjskolen, Rødkilde, Møn
- 1992 H.C.Andersens Hus i Nyhavn, København
- 1993 Gentofte Kommunes Hovedbibliotek
- 1993 Kunstbiblioteket, Hellerup
- 1993 Galleri Gammel Strand, København
- 1994 Esbjerg Museum
- 1995 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík

Verk í opinberri eigu / Værker solgt til

Nordens Hus, Reykjavík
Kunstmuseet Trapholt
Gyldendals forlag
Lohses forlag

Heimildir / Litteratur

Hans Laumann: *Papirklip i Danmark*. Thodes Forlag, Randers 1990.

Gunhild Skovmand (f. 1913)
Resedavej 16
DK-2820 Gentofte
Danmark

GUNHILD SKOVMAND

einu sinni var . . .

der var engang . . .

KLIPPIMYNDIR

PAPIRKLIP

24.06 - 7.08.1995

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

SIGURJÓN ÓLAFSSON MUSEUM REYKJAVÍK

ISBN 9979-9124-2-1